

## Viðauki

### við kjarasamning Samiðnar og Bílgreinasambandsins frá 13. janúar 2014

Viðauki þessi er gerður við kjarasamning sem aðilar undirrituðu 13. janúar 2014 og er til samræmis við kjarasamning sem Samtök atvinnulífsins og 25 aðildarfélög ASÍ undirrituðu 28. febrúar 2014.

#### Gildistími

Gildistími kjarasamnings aðila sem undirritaður var 13. janúar 2014 og gildir til 31. desember 2014 er framlengdur til 28. febrúar 2015 og fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar

#### Desember-og orlofsuppbót

Desemberuppbót hækkar um kr. 20.000 og verður miðað við fullt starf á árinu 2014 kr. 73.600

Orlofsuppbót hækkar um kr. 10.000 fyrir orlofsárið sem hefst 1. maí 2014 miðað við fullt starf og verður kr. 39.500

Þar sem samið hefur verið um að desember- og orlofsuppbætur séu innifaldar í mánaðarlaunum þá eru samningsaðilar sammála um að sérstök hækkun uppbóta sé ekki sjálfkrafa innifalin í mánaðarlaunum. Geta uppbætur komið sérstaklega til greiðslu í júní og desember samkvæmt þeim reglum sem kjarasamningar greina eða komið inn sem kr. 2.500 heildarhækkun á mánaðarlaun.

Samningsaðilar eru sammála um að mikilvægt sé við ráðningu að starfsmaður sé upplýstur um hvort uppbætur séu innifaldar í umsömdu tímakaupi. Það er hlutverk vinnuveitanda að tryggja sönnun þess að uppbætur séu innifaldar í kaupi.

#### Viðræðuáætlun

Dagsetningar í viðræðuáætlun munu taka breytingum með tilliti til tilfærslu á gildistíma samningsins

Reykjavík 16. apríl 2014

F.h. Bílgreinasambandsins

F.h. Samiðnar